



12.07.2018
FLÓAHREPPUR

Efni: Tilnefning í Ungmennaráð Suðurlands

Kæra sveitarstjórn

Ungmennaráð Suðurlands óskar eftir því að sveitarfélagið Flóahreppur tilnefni einn aðalmann og einn varamann til setu í Ungmennaráði Suðurlands til tveggja ára.

Tilnefningin þarf að berast ráðinu fyrir 20. ágúst 2018. Haustfundur ráðsins fer fram dagana 6.-7. september 2018 og þá verður m.a. fundað með nýrri stjórn SASS á Selfossi. Tilnefningar berist á netfangið gudlaug@hfsu.is

Í Ungmennaráði Suðurlands situr einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi á Suðurlandi, samtals 15 aðalmenn og 15 til vara.

Ráðið fundar a.m.k. tvisvar á ári, að vori og hausti, sjá má upplýsingar um ráðið og fundagerðir á heimasíðu SASS. Þar má einnig finna Handbók ungmennaráða sem er öflugt verkfæri fyrir alla þá sem vilja kynna sér hlutverk og mikilvægi ungmennaráða.

Æskilegt er að fulltrúi sem á sæti í Ungmennaráði Suðurlands eigi líka sæti í ungmennaráði í sveitarfélaginu sem hann er tilnefndur af.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaða ef einhverjar spurningar vakna.

Virðingarfyllt

F.h. Ungmennaráðs Suðurlands

Guðlaug Ósk Svansdóttir
Verkefnastjóri
Háskólafélag Suðurlands
gudlaug@hfsu.is
S. 6645091